

Stjórnarfundur nr. 16, þann 11. janúar 2011 kl. 19:15

Haldinn í K-húsinu

Mættir: Guðmundur, Ásta, Haraldur, Herdís, Harpa, Helga, Elsie, Lúðvík, Sigurbjörg, Júlíus, Sigurbór, Hjördís, Falur og Friðrik. Einnig mætti Anthony yfirþjálfari á fundinn.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

2. Speedo

Ákveðið að kaupa búninga fyrir þjálfara fyrir styrkinn. Fá Lindu til að hjálpa við pöntun. Ant er með stærðir fyrir þjálfarana.

3. Foreldráð

Hugmynd að formanni foreldraráðs og virkja foreldraráð til að styrkja við atburði innan sundsins eins og t.d. lokahóf og mót.

4. Skráningar

Bættust við um 20-25 sundmenn eftir auglýsinguna í janúar. Nokkrar skráningar hafa komið í nýja hópa og jafnvel þarf að færa úr hópum í Njarðvíkurlaug yfir í Vatnaveröld ef foreldrar kjósa það frekar. Ákveðið að fara af stað með hópinn í Vatnaveröld og reyna að stækka hann með kynningum í Myllubakkaskóla og Holtaskóla. Byrja næsta miðvikudag með hópinn. Jóna Helena, Steindór og Eðvarð fara í skólana og setja fréttina á heimasíðuna með tímum og hver þjálfar.

Fyrir skráningar í haust þarf að huga að greiðsluformi. Mikið útistandandi vegna greiðsluseðla. Væri gott að bjóða aðeins upp á kreditkort eða bein/boðgreiðslur frá banka. Þá þarf einnig að huga að því að foreldrar láti vita á skráningarformi ef um alvarlega sjúkdóma er að ræða eins og flogaveiki, astma o.þ.h.

Þeir sem vilja stunda færri æfingar en hópurnir býður uppá þurfa samt að greiða mánðargjald hópsins.

5. Aðalfundur deildanna

Báðar deildir eru með fundi í janúar eða febrúar. Deildirnar ganga frá bókhaldi fyrir fundi og ÍRB gengur frá sínum bókum.

6. Viðburðir á vori.

Sundþing 25. febrúar

Bikarkeppni er 11. mars og verður haldið í Vatnaveröld. Botninn tekinn upp og gisting og matur verður í Holtaskóla. Fundað með SSÍ fyrir næsta stjórnarfund.

ÍM50 verður 7. – 10. apríl. Gist á farfuglaheimilinu. Tekið fyrir á næsta stjórnarfund.

Sparisjóðsmótið 13. -15. maí.

AMÍ 23. -26. júní.

7. Uppskeruhátíð

Þurfum að ákveða hvenær er best að hafa svona hátíð og hvernig á og hvað á að veita viðurkenningu

fyrir. Fá foreldraráð til að koma með hugmyndir og leggja fyrir stjórn. Einnig virkja foreldra sem eru ekki endilega í stjórnnum eða ráðum til að taka að sér ákveðin verkefni.

8. Önnur mál

- a) Ant langar að hafa mat/grill fyrir þjálfara. Lagt til að hann ræði við þjálfara og skipuleggi.
- b) Þorrablot UMFN. Þjálfurum ÍRB hefur verið boðið á þorrablotið.
- c) Klúbbamet fyrir snótir og snáða (8 ára og yngri). Ákveðið að setja upp til að þessir sundmenn hafi eitthvað að stefna að.
- d) Fjáröflun. Þurfum að tala við Sp-Kef og Samkaup. Falur og Gummi taka það að sér.
- e) Mætingar sundmanna og skuldbinding þeirra. Farið yfir skjal frá Ant og ákveðið að senda foreldrum í afrekshópum e-mail um mætingarskyldu og til hvers er ætlast. Stjórn tekur að sér að semja póstinn.
- f) Talningarspjöld. Sigurþór ræddi við Ragnar og kom ekkert út úr því. Þurfum að kaupa í USA og fá þau heim með okkar sundmönnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:00